

Nd.

89. Nefndarálit

[16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá 2. minnihl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Við undirritaðir getum ekki fallizt á, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og meiri hl. nefndarinnar leggur til. Teljum við, að í ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. frv. felist fordæmi, sem ekki megi lögfesta, ef Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins á í framtíðinni að koma að því gagni, sem til var ætlazt í upphafi og var grundvallaratriði fyrir stofnun hans, þ. e. að hann verði einvörðungu notaður til verðjöfnunar, ef tímabundnar verðlækkanir verða á erlendum markaði á þeim tegundum sjávarafurða, sem lagt hafa sjóðnum til fé samkv. 5. gr. gildandi laga um sjóðinn. Við teljum ekki, að sjóðnum hafi verið ætlað það hlutverk að verða hagstjórnartæki ríkisstjórna við ákvörðun á rekstrargrundvelli sjávarútvegsins eða fiskiðnaðarins. Í því sambandi teljum við, að ríkisstjórn verði á hverjum tíma að finna aðrar leiðir en að ganga á fé sjóðsins, enda væri slíkt skammgóður vermir, en gæti áttur á móti orðið fordæmi þess, að ráðvana ríkisstjórn færi að hugsa sér til hreyfings gagnvart öðrum nokkuð hliðstæðum sjóðum, t. d. Atvinnuleysistryggingasjóði, ef brúa þyrfti bil milli getu atvinnuveganna til kaupgreiðslu og kröfu launafólks um hærri laun.

Þar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra lét að því liggja við 1. umræðu um málið í Nd. Alþingis, að frv. væri fram borið vegna þess, að stjórn sjóðsins hefði snúið sér til ríkisstjórnarinnar og beðið um þá lausn til bráðabirgða, sem í frv. felst, teljum við rétt að taka umsögn L. Í. Ú. um málið orðrétta upp í nál. okkar, en hún hljóðar svo:

## „LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 8. nóvember 1972.

Vér höfum mótttekið heiðrað bréf yðar, dags. 2. nóvember, þar sem þér sendið oss til umsagnar frv. til laga um breyting á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Stjórn L. Í. Ú. hafði aðstöðu til að fylgjast með þeirri umræðu, sem varð um efni frv., þegar fiskverð var til ákvörðunar í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Viljum vér því af þessu tilefni láta koma fram helztu atriði, er mótuðu afstöðu stjórnar L. Í. Ú. til þessa máls.

Fyrir Verðlagsráði sjávarútvegsins lá mat á afkomu bátaflotans á þessu ári, sem unnið hefur verið af Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Niðurstöður þessar bentu til, að halli á rekstri bátaflotans muni verða um 330 millj. króna á þessu ári og halli á rekstri togaranna um 110 millj., eftir að tekið hafði verið tillit til beinna og óbeinna styrkja til togaranna. Líkur benda til, að halli á rekstri bátaflotans muni verða mun meiri en áætlað var, því fyrri niðurstaða grundvallarist á reikningum frá árinu 1970, sem voru framreiknaðir til ársins 1972 með kostnaðar- og tekjubreytingum. Nú er verið að endurskoða þetta afkomumat fyrir bátaflotann og þá grundvallar á reikningum frá árinu 1971. Virðast kostnaðarhækkanir hafa orðið mun meiri en reiknað var með, og nema þær hækkunir t. d. á viðhaldslið bátaflotans um 150 milljónum króna.

Í ljósi þessara staðreynda var augljóst, að fiskverð varð að hækka frá 1. október, ef ekki átti að koma til algjörRAR rekstrarstöðvunar.

Fulltrúar L. Í. Ú. í Verðlagsráði sjávarútvegsins áttu viðræður við sjávarútvegsráðherra 22. september, að hans beiðni, um þau vandamál, sem við blöstu við ákvörðun fiskverðs. Hann lýsti þar þeirri skoðun ríkisstjórnarinnar, að fiskverð þyrfti að hækka, án þess þó að tilgreina hve mikið. Hins vegar taldi hann, að fiskkaupendur gætu ekki staðið undir þeirri hækkun vegna erfiðrar rekstrarstöðu og þyrftu jafnvel að aðstoð að halda. Þar sem ekki voru fyrirhugaðar neinar ráðstafanir af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrir n. k. áramót til lausnar á þessu máli, teldi hann, að það fjármagn, sem til þyrfti að koma til að gera fiskverðshækkun mögulega, yrði að takast úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Fulltrúar L. Í. Ú. mótmæltu þessu og bentu á að ekki væri ástæða til að taka fé úr Verðjöfnunarsjóði, því ekki væri um neitt verðfall að ræða á fiskafurðum.

Að fengnum þessum upplýsingum frá sjávarútvegsráðherra um afstöðu ríkisstjórnarinnar, var haldinn fundur í stjórn L. Í. Ú., þar sem skýrt var frá afstöðu stjórnvalda. Niðurstaða þess fundar var á þá leið, að fallið var á, að tekið verði fé úr Verðjöfnunarsjóði til að hækka fiskverð um 15%, en talið var, að sú hækkun mundi kosta sjóðinn um 60 milljónir króna til áramóta, og hagur vinnslunnar yrði bættur úr sjóðnum um 28 milljónir króna til áramóta, miðað við, að álíka fiskmagn komi á land til áramóta og var síðustu 3 mánuði s. l. árs. Á ársgrundvelli mundu þessar breytingar kosta um 880 milljónir króna.

Þessi afstaða stjórnar L. Í. Ú. er byggð á því, að hér sé um bráðabirgðaráðstöfun að ræða til næstu áramóta, eins og frv. gerir ráð fyrir. Stjórn L. Í. Ú. treystir því, að Verðjöfnunarsjóði verði ekki eytt á næsta ári, heldur verði gerðar þær efnahagsráðstafanir fyrir framtíðina, er tryggi, að Verðjöfnunarsjóður og hugmyndin að baki Verðjöfnunarsjóðs fái að standa.

Vér viljum að lokum leiðrétta það, sem fram kemur í greinargerð, að um fiskverðshækkun í tvennu lagi hafi verið að ræða, þ. e. 10% almenn hækkun og 5% sérstök hækkun. Fiskverðshækkunin var að meðaltali 15%, en mjög mismunandi á einstakar fisktegundir vegna mismikilla verðbreytinga erlendis. Þannig hækkaði þorskur um 19%, ýsa um 12%, langa um 18%, steinbítur um 12%, karfi og ufsi um 6%, lúða um 15%, og keila hækkaði ekki. Eins og sézt af þessari upptalningu, getur ekki verið um neina tvískiptingu að ræða á fiskverðshækkuninni.

Virðingarfyllst,

f. h. Landsambands isl. útvegsmanna,

Kristján Ragnarsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis,  
Reykjavík.“

Við teljum, að umsögn L. Í. Ú. skýri viðhorf stjórnar og eigenda Verðjöfnunar-sjóðsins, og getum við eins og þeir eftir atvikum fallið á, að eins og málum er komið verði að koma til framlag úr sjóðnum til að koma í veg fyrir stöðvun útvegs og fiskvinnslu fram til næstu áramóta, en föllumst ekki á, að það verði gert í því formi, sem frv. gerir ráð fyrir, og leggjum því til svofellda

#### BREYTINGU:

Við síðasta málslið í ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. frv. bætist: og ábyrgist ríkisstjórnin, að framlagið endurgreiðist sjóðnum með venjulegum útlánsvöxtum banka á næsta ári, eftir því sem um kann að semjast milli hennar og stjórnar sjóðsins.

Alþingi, 14. nóv. 1972.

Guðl. Gíslason,  
frsm.

Birgir Kjara.